




0.2 Afstöðumynd nr.114
1 : 500

BYGGINGARLÝSING

A) GRUNNUPLÝSINGAR
Axlará 114, 220 Hafnarfjörður
Landnúmer: L234339

B) NOTKUN
Axlará 114 er hluti af raðhúsi, fimm herbergja íbúð á tveimur hæðum. Íbúðin er miðjuhús til suðurs.
Aðkoma íbúa er suð-vestan megin við byggingu frá Axlará. Tvö bílastæði eru á lóð. Gert er ráð fyrir tengibúnaði vegna hleðslu rafbíla við hvert bílastæði. Þvottaaðstaða er í íbúð. Sérgeymsla íbúðar er utangeng með inngang til suð-vesturs. Aðalbyggingarefni hússins er timbur og gler.

C) HEILDARSTÆRÐIR BYGGINGAR

Brúttóflatarmál:		
A-rými	Brúttóflatarmál (m ²)	Brúttórúmmál (m ³)
Botnplata	25,2	25,2
jarðhæð	74,9	227,8
1. hæð	122,6	463,6
Heildarstærðir	191,7 m ²	716,7 m ³

B-rými	Brúttóflatarmál (m ²)
1. hæð	6,2
Heildarstæð	
A+B rými:	198,1 m ²

D) LÓÐ OG NÝTINGARHLUTFALL
LÓÐ: 358,6 m²
HEILDARSTÆRÐ (mhl01): 198,1 m²
NÝTINGARHLUTFALL: 0,55

E-F) BURÐARVIRKI OG BYGGINGARHLUTAR
Gólf og undirstöður
Sökkjar og botnplata eru úr járnbentri steinsteypu á þjappaða fyllingu. Undir plötu er 100 mm einangrun 24 kg/m³.
Gólfplata yfir jarðhæð er byggð upp með timburbitum, steinull á milli og klædd að neðanverðu með gífsplötum. Ofan á timburbita er gert ráð fyrir timburplötu, hljóðdempandi plötu með hitalögn, gólfífsi og parketi eða flisum.
Útveggir
Útveggir eru úr timburveggjaeiningum, byggðir upp úr timburgrind sem er einangruð með steinull inn á milli, klæddir að utanverðu með timburklæðningu með tveimur mismunandi áferðum, klæddir að innanverðu með gífsplötum. Timburklæðning á milli íbúða 114 og 116 verður með íblöndunarefnum á timri til að uppfylla brunakröfur, sjá nánar kafla L) um brunavarnir og á grunnmyndum. Sökkulveggir á jarðhæð sem liggja að landi eru steyptrir veggir 200 mm, einangraðir að utan með 100 mm einangrun.

Þak
Þak er einhalla, þakhalli er 3°. Þak er byggt upp með timbursperrum einangrað á milli þaksperra í samræmi við hámark U-gildi þaks skv. gr. 13.3.2 í byggingarreglugerð. Þakið er loftað og klætt að utan með timburborðum eða plötufefni úr timri og þettað með tvöföldum asfaltsdúk. Að innan er þakið klætt með rakavarnarlagi og gífsi á grind.
Þakkantar, þakrennur og þakniðurföll eru úr málimi og í lit sem samræmist lit klæðningar.

Stigar
Hver íbúð er með innstiga úr timbri með handlista á annarri hlið. Göngubreidd stiga er að minnsta kosti 900 mm.

Gluggar og hurðir
Gluggar og úthurðir eru timbur-ál. Í gluggum er að minnsta kosti tvöfalt einangrunargler og U-gildi uppfylla lágmarkskröfur byggingarreglugerðar. Öryggisglser skal setja þar sem gluggar ná niður fyrir 60 cm frá gólfi og við allar glerhurðir.
Hindrunarlaust umferðarmál allra inngangshurða er að minnsta kosti 0,83 m x 2,07 m og svalahurða 0,8 m x 2,0 m. Nota skal lágþröskuld sem er að hámarki 25 mm á hæð. Hæðarmismunur við inngangshurðir og svalahurðir er 5 cm á milli útgólfs og gólfs íbúðar til að tryggja tryggilegan frágang og góðan þéttleika. Til að uppfylla aðgengiskröfur fyrir alla er vísað í kafla P) Algild hönnun.

G) GERÐ HANDRÍÐA
Handrið utanhúss við stoðveggi eru lóðrétt pirulo stálhandrið, galvanhúðuð í svörtum lit með hámark 89 mm millibili skv. byggingarreglugerð. Handrið eru í 1100 mm hæð frá fullfrágengnu yfirborði.
Handlisti við innstiga er úr harðvíði og festur öðru megin við vegg í 800 mm hæð frá gólfi eða frambrún tröppunefs.

H) EINANGRUN BYGGINGARHLUTA		
Heildarleiðnitap	Mesta leyfða (W/m²K)	Reiknað (W/m²K)
Léttur útveggur	0,3	0,23
Steyptur útveggur	0,3	0,30
Gluggar (karmar, vegið meðaltal glers, k-glers)	2,0	1,90
Hurðir	3,0	1,71
Þak	0,2	0,17
Gólf á fyllingu	0,3	0,25

U-gildi glugga og hurða uppfylla lágmarkskröfur byggingarreglugerðar. Val á gluggum og hurðum verður seinna í ferli en meðaltalsútreikningar á varmataps útreikningum standast kröfu byggingarreglugerðar.

Útveggir-vegið meðaltal	0,63 W/m²K
Orkurammi	179,5 W/K
Rauntap	152,0 W/K

Nánari upplýsingar um einangrun, einangrunargildi og heildarleiðnitap er að finna í fylgiskjali.

I) UPPBYGGING BYGGINGARHLUTA / EFNISVAL INNANHÚSS, GERÐ INNVEGGJA OG INNIHURÐA
Innveggir
Allir innveggir á milli íbúða uppfylla REI 90 eldvörn og 55 dB lofthljóðeinangrun. Veggir milli íbúða eru: EI90 timburveggir einangraðir og klæddir með gífsplötum. Léttir innveggir eru: timbur- eða blíkgrind ásamt steinull, klæddir með gífsplötum. Rakavarið plötufefni er notað í votrymi og vatnsheidlar baðplötur/byggingarplötur eru undir flisalögn í kringum sturtur og upphengd salerni. Veggir í votrymum eru heil- eða að hluta flisalagðir.

Innihurðir
Innihurðir íbúða eru almennt yfirfellar með gerefti. Umferðarmál allra innidryra er a.m.k. 0,80 x 2,0 m.

Gólfefni
Gert ráð fyrir gólfhitalögn. Anddryi, votrymi og geymsla verða flisalögð, önnur gólf verða parketlögð.

Þak
Að innanverðu er þak klætt með rakavarnarlagi og gífsi á grind.

J) NIÐURTEKIÐ LOFT
Niðurtekið gíslöft er að hluta til í gangrymi og inni á baðherbergjum.

K) LAGNALEIÐIR
Hver íbúð er með sérinntök fyrir lagnir og rafmagn í geymslu sem liggur að útvegg.

Rafkerfi:
Að íbúð er lögð ein heimtaug. Rafmagnstafla fyrir íbúð verður staðsett í geymslu ásamt orkumæli íbúðar. Lagnaleið er frá rafmagnstöflum að bílastæðum fyrir rafhleðslu rafmagnsbíla. Flestar lagnir innanhúss, bæði lágsþennu og smásþennukerfa, eru huldar lagnir og í fullu samræmi við IST200. Innlagnamefni er hefðbundið og staðsett í fullu samræmi við IST150. Lagnir að ljósaðstólum og rafleiðslum utandyra eru plastpípur lagðar í jörðu, frágangur í samræmi við IST200.

Hitakerfi og neysluvatnslagnir:
Allt efni skal vera CE-merkt, eða hafa jákvæða umsögn frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands um að það uppfylli kröfur í byggingarreglugerð, standist staða og falli að verklagi og séríslenskum aðstæðum.
Húsið verður hitað upp með gólfhita og gert er ráð fyrir handklæðaoafn á baðherbergjum.
Neysluvatnslagnir verða álpex rör með þrýstitungjum af samstæðri og viðurkenndri gerð, lagðar inn í léttum veggjum og lagnastokkum og í fódurrörum í gólfum. Á töppunarstöðum skal hitastig ekki vera hærra en 65°C.

Fráveita:
Frárennisslagnir í grunni og í jörðu skulu vera PVC: og PP* eða (PVC*) plastörð af sérstyrktí (ULTRA) gerð/rifflað að utan og slétt að innan.
Frárennisslagnir inni verða úr polypropylen PP (Polypropylen, grátt plast) nema sérmerktir stofnar (R) skulu vera úr PP/PEH-þykkveggja (Polypropylen, Polyethylene) hljóðlitið rör. Í votrymum skulu vera gólfniðurföll.

Loftræsing:
Loftræst er frá öllum lokuðum gluggalausum rýmum (LR) eins og reglugerð kveður á um. Vélrænt útsog skal vera frá eldhúsi t.d. gegnum eldhúsháf. Ferskloftsinnök eru í útvegg samkvæmt loftræstihönnun, til að ýta undir góð loftskipti í íbúð og koma í veg fyrir undirþrýsting og rakaskemmd.
Loftræsirör skulu almennt tekin upp úr þaki eða í gegnum útvegg.

Snjóbræðslukerfi:
Bílastæði verða snjóbrædd sem og stígar frá þeim bílastæðum að inngangi. Lagnir verða plastlagnir.


L) GREINAGERÐ BRUNAVARNA UNNIÐ AF BRUNAHÖNNUN SLF BRUNAVARNIR
Eftirfarandi greinargerð brunavarna er gerð af Brunahönnun slf í janúar 2025 fyrir Axlará 112 - 118, Hafnarfjörð (verk nr. 24-165). Lausnir eru skv. forskriftarákvæðum byggingarreglugerðar nr. 112/2012, grein 9.2.2 liður b.

Flokkun og notkun byggingar
Byggingin er tveggja hæðar raðhúsi í notkunarflokki 3 skv. byggingarreglugerð. Um er að ræða fjórar raðtengdar íbúðir sem eru hver um sig á tveimur hæðum.


Brunahöfufn
Hver íbúð er sér brunahólf með EI90 veggjum milli íbúða. Brunahólfandi veggir (EI90) ná upp í ystu þakklæðningu.

Burðarvirki
Brunamótsstaða aðalburðarvirkja er a.m.k. R60 en R90 í skilum milli íbúða. Hæðarskil eru a.m.k. REI60.
Brunamótsstaða burðarvirkis þaks er a.m.k. R30.

Klæðningar
Klæðningar verða skv. ÍST EN 13501.
Innanhúsklæðningar eru í flokki 1 (K10 B,s1-dO).
Utanhúsklæðningar eru í flokki 2 (K10 D,s2-dO) að stærstum hluta.
Rökstuðningur: Utanhúsklæðningar í flokki 2 eru taldar ásættanlegar þar sem loftunarbíl bak við klæðningu í brunahöfufunarskilum er lokað lóðrétt í brunahöfufunarskilum með lista í flokki K10 B,s1-dO sem hindrar eldsútbreiðslu bak við klæðningu milli brunahólfa og húsið er á tveimur hæðum sbr. gr. 9.7.3 í byggingarreglugerð.



Ásýnd suðvestur



Ásýnd norðaustur

Klæðning á milli íbúða 2 og 3 þar sem er stutt á milli óvarinna glugga (um 1,2 metrar) verður flokki 1 (K10 B,s1-dO).
Vindvörn skal a.m.k. vera í flokki D,s2-dO.
Þakklæðning eru í flokki B(roof) (t2).

Flóttaleiðir
Frá jarðhæðum í hverri íbúð eru tvær flóttaleiðir, ein beint út og hin upp stiga og út auk björgunaropa á hverju svefnherbergi.
Frá fyrstu hæðum er eru tvær flóttaleiðir, beint út um anddryi og út í gegnum geymslu auk björgunaropa úr hverju svefnherbergi.

Reykskynjarar
Reykskynjarar eru íbúðum, a.m.k. tveir í hverri íbúð. Tillögð að staðsetningu reykskynjara er á teikningu.
Auk þess er mælt er með reykskynjurum í öllum svefnrymum.

Loftræsikerfi
Gert er ráð fyrir að hver íbúð verði loftræst sérstætt og því ekki þörf á ráðstöfunum vegna brunavarna í loftræsikerfi.

Reyklosun
Reykraðsing er almennt um glugga og hurðar.

Slökkvitæki
Slökkvitæki skv. ÍST EN 3 skulu vera í anddryi hverrar íbúðar, t.d. 6 L léttvatn.

M) HLJÓÐVIST
Hljóðvistarhönnun byggingarinnar byggir á viðmiðunargildum hljóðflokks C í staðlinum ÍST 45:2016. Hljóðvist – Flokkun íbúðar- og atvinnuhúsnæðis, og eftir þörfum, strangari kröfum þar sem við á. Viðmiðunargildi milli íbúðareininga er fyrir lofthljóðeinangrun $R_w \geq 55$ dB og fyrir högghljóðstíg er $L_{n,w} \leq 53$ dB. Högghljóðstíg fyrir baðherbergi er $L_{n,w} \leq 58$ dB. Gert er ráð fyrir tvöfaldrí aðskildri timburgrind milli íbúða auk raufar í botnplötu undir millivegg.

P) ALGILD HÖNNUN OG ÖRYGGI
Byggingin er raðhús á tveimur hæðum. Á aðkomuhæð er eldhús, stofa og baðherbergi með hjólastólaaðgengi og svefnherbergi. Á jarðhæð er svefnherbergi, baðherbergi og þvottaherbergi. Íbúðir uppfylla takmarkaðar kröfur algildrar hönnunar, en ekki er hjólastólaaðgengi á jarðhæð. Ekki eru gerðar kröfur um lyftur í raðhúsum á tveimur hæðum samkvæmt gr. 6.4.12. Í byggingarreglugerð um lyftur og lyftupalla.
Aðkomuleiðir að húsinu og á lóðinni eru greiðar. Þröskuldar við inngangshurðir uppfylla hæðatakmörkin vegna aðgengis. Greið leið er frá bílastæði að íbúðarhúsi og að sorpgerði. Snjóbræðsla er á aðalgönguleiðum og bílastæði. Gert er ráð fyrir snúningshring fyrir hjólastól í íbúðarýminu á 1. hæð. Snúningshringur er almennt 1500 mm eða flötur sem er 1300 x 1800 mm. Allar innihurðir eru þröskuldalausear eða með lágþröskuldum (hæð undir 25 mm). Hurðabreiddir við sérnótareiti, inngangshurðir og innihurðir uppfylla kröfur samkvæmt gr. 6.4.2. Sjá nánar lágmarksstærðir fyrir hindrunarlausa umferðarbreidd í kafla E-F) og I).
Aðgengi út á sérnótareit og við aðalinnangang á 1. hæð er 50 mm neðar en fullfrágengið gólf. Til þess að tryggja óhindrað aðgengi er gert ráð fyrir að hægt sé að koma fyrir skábraut úr ryðfriú stáli.
Gert er ráð fyrir því að hurð á 1. hæð opnist inn í baðherbergisrymið en hægt er að snúa henni þannig að hún opnist út ef íbúar óska þess. Breidd á milli eldhúsinnréttinga er 1200 mm, en hægt er að stækka bil í 1300 mm ef íbúar óska þess.
Birta í umferðarleiðum bygginga og lóða skal vera nægjanleg í samræmi við rafmagnshönnun. Gólfletir í umferðarleiðum bygginga skulu frágengnir þannig að ekki sé hætt á að fólk hrasí eða detti. Þröskulda skal hafa eins lága og kostur er. Tryggja skal öryggi við gólfísóða glugga og glerhurðir með því að nota viðurkennt öryggisglser.
Læstur lyfjakassi skal vera í eldhúsinnréttingu.

Q) FRÁGANGUR LÓÐAR
Innkeyrsla er frá Axlará inn á bílastæði. Bílastæðafjöldi fyrir íbúð eru 2 stæði. Gangstéttir og gönguleiðir eru hellulagðar og verða snjóbræddar.
Meirihluti garðs er með gegndræpt yfirborð, að mestu gras. Út við lóðarmörk að stigum og gangstéttum er gert ráð fyrir limgerði. Stærri tré og runnar eru staðsettir innan lóðar svo þau valdi ekki skugga á dvalarsvæði. Verandir eru með limgerði og skjólveggi til að skapa skjól og afmarka sérnótasvæði íbúðanna. Verandir eru timburpallur til suðvesturs og norðausturs. Hámarkshæð á skjólveggjum er 1800 mm.

R) SORP
Sorpunnur verða staðsettar á lóð við bílastæði. Gert er ráð fyrir þremur tunnum á íbúð.



SKÝRINGAR

— — — —	LÓÐAMÖRK
- - - - -	BYGGINGAMÖRK
GK: xx,xx	GÓLFKÓTI
Inng.	INNANGUR
MHL xx	MATSHLUTI

shs 05.02.2025

A2F

A2F arkitektar ehf., Laugavegi 178, 105 Rvk.
sími: 571 5500 a2f@a2f.is www.a2f.is


Aðalheiður Atladóttir, arkitekt FAI kt. 120975-5879
Falk Krüger, arkitekt FAI kt. 061175-2539

Áritun aðalhönnuðar:

Verkheiti
Axlará 112-118

Titill / verkhluti
Afstöðumynd og byggingarlýsing - nr.114

Teiknategund			BN
Aðaluppdráttur			
Landnúmer	Staðgreinir		Matshluti
L234339			01
Dagsetning	Mælikvarði		Blaðastærð
05.02.2025	As indicated		A2
Teiknað af	Yfirfarið af	Númer	Útgáfa
GRH	FK	0.2.02	



ÖLL MÁL ERU Í MILLIMETRUM.
HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGUM - FJÖLFÖLDUN ER HÁÐ SKRIFLEGU SAMÞYKKI
EKKI SKAL MÆLA AF TEIKNINGU, ADEINS MÁLSETTAR STÆRÐIR ERU Í GLDI. FRAMKVÆMDARABILI SKAL SANNREYNA ÖLL MÁL Á VERKSTAD.

[illegible]

SKRÁNINGARTAFLA

[illegible]

VARMATAPSÚTREIKNINGAR

Útg.	Dags.	Skýring	Br.af:
------	-------	---------	--------

A2F

A2F arkitektar ehf., Laugavegi 178, 105 Rvk.
simi: 571 5500 a2f@a2f.is www.a2f.is

Aðalheiður Atladóttir, arkitekt FAÍ kt. 120975-5879
Falk Krüger, arkitekt FAÍ kt. 061175-2539

Áritun aðalhönnuðar:


Verkheiti
Axlarás 112-118

Titill / verkhluti
Skráningartafla og varmatap - nr.114

Teiknategund			BN
Aðaluppdráttur			
Landnúmer	Staðgreinir		Matshluti
L234339			01
Dagsetning	Mælikvarði		Blaðastærð
05.02.2025			A2
Teiknað af	Yfirfarið af	Númer	Útgáfa
GRH	FK	0.2.06	

ÖLL MÁL ERU Í MILLIMETRUM.
HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGUM - FJÖLFÖLDUN
ER HÁÐ SKRIFLEGU SAMÞYKKI
EKKI SKAL MÆLA AF TEIKNINGU, AÐEINS MÁLSETTAR STÆRÐIR ERU Í
GILDI. FRAMKVÆMDARADILI SKAL SANNNREYNA ÖLL MÁL Á VERKSTAÐ.

Blaðastærð: A2



SKÝRINGAR

0001	RÝMISNÚMER
E190	BRUNAPOL VEGGJA
R30	BRUNAPOL GÓLFS, ÞAKS
BO	BJÖRGUNAROP
R	REYKSKYNJARI PRINSIPP STAÐSETNING
LR	LOFTRÆSING
GN	GÓLFNIDURFALL
PN	ÞAKNIDURFALL
---	LÓÐAMÖRK
---	BYGGINGAMÖRK
---	HULDIR BYGGINGAHLUTAR
K: xx.xx	KÓTI

Útg.	Dags.	Skýring	Br.af.
------	-------	---------	--------

A2F

A2F arkitektar ehf., Laugavegi 178, 105 Rvk.
sími: 571 5500 a2f@a2f.is www.a2f.is

- Aðalheiður Atladóttir, arkitekt FAI kt. 120975-5879
Falk Krüger, arkitekt FAI kt. 061175-2539

Áritun aðalhönnuðar:

Verkheiti
Axlarár 112-118

Titill / verkhli
Grunnmynd jarðhæð

Teiknitegund			BN
Aðalteikningar			
Landnúmer	Staðgreinir		Matshluti
L234338, L234339, L234340, L234341			01
Dagsetning	Mælikvarði		Blaðastærð
05.02.2025	1 : 100		A2
Teiknað af	Yfirfarið af	Númer	Útgáfa
BJ	FK	0.2.10	



ÖLL MÁL ERU Í MILLIMETRUM.
HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGUM - FJÓLFÖLDUN
ER HÁÐ SKRIFLEGU SAMÞYKKI
EKKI SKAL MÆLA AF TEIKNINGU, ADEINS MÁLSETTAR STÆRÐIR ERU Í
GILDI. FRAMKVÆMDARADILI SKAL SANNREYNA ÖLL MÁL Á VERKSTAÐ.



0001	RYMISNUMER
EI90	BRUNAPOL VEGGJA
R30	BRUNAPOL GÓLFSS, ÞAKS
BO	BJÖRGUNAROP
R	REYKSKYNNJARI PRINSIPP STAÐSETNING
LR	LOFTRÆSING
GN	GÓLFNIÐURFALL
ÞN	ÞAKNIÐURFALL
— . — . — .	LÓÐAMÖRK
-----	BYGGINGAMÖRK
-----	HULDIR BYGGINGAHLUTAR
K: xx.xx	KÓTI


A2F arkitektar ehf., Laugavegi 178, 105 Rvk.
simi: 571 5500 a2f@a2f.is www.a2f.is

Aðalheiður Atladóttir, arkitekt FAÍ kt. 120975-5879
Falk Krüger, arkitekt FAÍ kt. 061175-2539


Verkheiti
Axlarás 112-118

Titill / verkhloti
Grunnmynd 1. hæð

Teiknitagund	BN	
Aðaluppdráttur		
Landnúmer	Staðgreinir	Matshluti
L234338, L234339, L234340, L234341		01
Dagsetning	Mælikvarði	Bláðastærð
05.02.2025	1 : 100	A2
Teiknað af	Yfirfarið af	Númer
GRH	FK	0.2.11
		Útgáfa




ÖLL MÁL ERU Í MILLIMETRUM.
HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGUM - FJÖLFOLDUN
ER HÁÐ SKRIFLEGU SAMÞYKKI
EKKI SKAL MÆLA AF TEIKNINGU, AÐEINS MÁLSETTAR STÆRÐIR ERU Í
GILDI. FRAMKV/EMDARAÐILI SKAL SANNREYNA ÖLL MÁL Á VERKSTAÐ




2 0.2. Suðvestur
1 : 100



1 0.2. Norðaustur
1 : 100



3 0.2. Norðvestur
1 : 100



4 0.2. Suðaustur
1 : 100

SKÝRINGAR

0001	RÝMISNÚMER
E190	BRUNAPOL VEGGJA
BO	BJÖRGUNAROP
R60	BRUNAPOL GÓLFS, ÞAKS
— · —	LÓÐAMÖRK
K: xx.xx	KÓTI

Útg.	Dags.	Skýring	Br.af:
------	-------	---------	--------

A2F

A2F arkitektar ehf., Laugavegi 178, 105 Rvk.
sími: 571 5500 a2f@a2f.is www.a2f.is


Aðalheiður Atladóttir, arkitekt FAI kt. 120975-5879
Falk Krüger, arkitekt FAI kt. 061175-2539

Áritun aðalhönnuðar:

Verkheiti
Axlarás 112-118

Titill / verkhli
Ásýndir


Teiknitegund			BN
Aðalteikningar			
Landnúmer	Staðgreinir		Matshluti
L234338, L234339, L234340, L234341			01
Dagsetning	Mælikvarði		Blaðastærð
28.07.2025	1 : 100		A2
Teiknað af	Yfirfarið af	Númer	Útgáfa
GRH	FK	0.2.21	




ÖLL MÁL ERU Í MILLIMETNUM.
HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGUM - FJÖLFÖLDUN
ER HÁÐ SKRIFLEGU SAMÞYKKI
EKKI SKAL MÆLA AF TEIKNINGU, AÐEINS MÁLSETTAR STÆRÐIR ERU Í
GILDI. FRAMKVÆMDARADILI SKAL SANNREYNA ÖLL MÁL Á VERKSTAD.

Blaðastærð: A2


1 0.2. Snið 1
1 : 100



2 0.2. Snið 2
1 : 100



3 0.2. Snið 3
1 : 100



Útg.	Dags.	Skýring	Br.af.
------	-------	---------	--------

A2F


A2F arkitektar ehf., Laugavegi 178, 105 Rvk.
sími: 571 5500 a2f@a2f.is www.a2f.is
Aðalheiður Atladóttir, arkitekt FAI kt. 120975-5879
Falk Krüger, arkitekt FAI kt. 061175-2539

Áritun aðalhönnuðar:

Verkheiti
Axlarás 112-118

Titill / verkhuti
Snið

Teiknitegund	BN		
Aðalteikningar			
Landnúmer	Staðgreinir	Matshluti	
L234338, L234339, L234340, L234341			
Dagsetning	Mælikvarði	Blaðastærð	
05.02.2025	1 : 100		
Teiknað af	Yfirfarið af	Númer	Útgáfa
BJ	FK	0.2.22	



ÖLL MÁL ERU Í MILLIMETRUM.
HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGUM - FJÖLFÖLDUN ER HÁÐ SKRIFLEGU SAMÞYKKI
EKKI SKAL MÆLA AF TEIKNINGU, AÐEINS MÁLSETTAR STÆRÐIR ERU Í GILDI. FRAMKVÆMDARADILI SKAL SANNREYNA ÖLL MÁL Á VERKSTAD.